

10.6.2015

Umsögn um tillagu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2014-2018

Á fundi byggðarráðs Dalabyggðar 9. júní sl. var eftirfarandi bókað:

„Byggðarráð Dalabyggðar hvetur til þess að stóráttak verði gert í uppbyggingu tengivega í næstu vegaáætlun enda liggur fyrir að með óbreyttu verklagi líða áratugir þar til vegir á Íslandi verða sambærilegir við vegi í öðrum vestrænum ríkjum. Góðar vegasamgöngur og gott netsamband er forsenda áframhaldandi byggðar um landið og núverandi ástand er hvorki bjóðandi íbúum eða ferðamönnum.

Þegar horft er til heildarfjárveitinga uppbyggingar stofn- og tengivega á Vestursvæði Vegagerðarinnar má sjá að rúmlega 90% fer til vega á Vestfjörðum, en aðeins tæp 10% á Vesturland. Byggðarráð Dalabyggðar tekur undir mikilvægi þess að farið verði í nauðsynlega uppbyggingu á Vestfjörðum, en bendir jafnframt á að uppbygging stofn- og tengivega um Dalabyggð hefur setið eftir um langa hríð.

Vegir um Skógarströnd, Laxárdal og Laxárdalsheiði tengja saman Vestur- og Norðurland og er Skógarstrandarvegur hluti af stofnvegakerfi landsins. Með auknum fjölda ferðamanna hefur umferð um vegina aukist og því orðið enn mikilvægara en áður að leggja þá bundnu slitlagi. Þá má benda á að vegir um Laxárdalsheiði og Laxárdal geta ásamt Skógarstrandarvegi og Heydal verið mikilvæg varaleið fyrir Holtavörðuheidi en nýttast ekki sem skyldi vega dapurs ástands veganna.

Brýnt er að bæta vegi fram Haukadalsvegur og um Fells- og Skarðsströnd. Haukadalsvegur var kominn á áætlun fyrir hrun en virðist nú öllum gleymdur.

Í Dalabyggð er þrjár einbreiðar brýr á vegi 60, Vestfjarðarvegi. Þessar brýr eru slysaöldur og því afar brýnt að breikka þær.“

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is